

Ársskýrsla Árskóla



Skólaárið 2016-2017

Efnisyfirlit

INNGANGUR	3
STARFSTÍMI SKÓLANS	5
NEMENDAFJÖLDI.....	5
STARFSMANNAHALD.....	5
STJÓRNENDUR.....	5
STARFSMENN - STÖÐUGILDI.....	6
FJÁRMÁL	6
FJÁRHAGSÁÆTLUN ÁRSKÓLA 2012-2016.....	6
SKÓLANÁMSKRÁ	7
ANNAÐ SKIPULAG	7
SKÓLARÁÐ.....	7
NEMENDAFÉLAG.....	7
SKIPTING SKÓLAÁRSINS Í ANNIR - NÁMSMAT.....	8
STOÐPJÓNUSTA - STUÐNINGSÚRRÆÐI.....	8
TEYMISKENNSLA.....	10
ÁRVIST - HEILSDAGSSKÓLI.....	11
SKIPULAG FÉLAGSSTARFA.....	11
SAMSTARF	13
SAMSTARF HEIMILA OG SKÓLA.....	13
FORELDRAFÉLAG.....	13
FORELDRASAMSTARF.....	13
TENGL VÍÐ LEIKSKÓLA.....	14
TENGL VÍÐ FRAMHALDSSKÓLA.....	16
TENGL VÍÐ ERLENDA SKÓLA.....	17
SAMRÆMD KÖNNUNARPRÓF	17
VALGREINAR	19
SKÓLASAFN	20
TÖLVU - OG UPPLÝSINGATÆKNI	21
TÆKJABÚNAÐUR.....	21
ÞRÓUNARVERKEFNI Í UPPLÝSINGATÆKNI.....	22

MAT Á SKÓLASTARFI – SJÁLFSMAT SKÓLA	23
ENDURMENNTUN	24
FRÆÐSLA INNAN SKÓLANS.....	24
RÁÐSTEFNUR, NÁMSFERÐIR OG NÁMSKEIÐ UTAN SKÓLANS.....	25
FRÆÐSLUDAGUR	26
ÞRÓUNARVERKEFNI – NÝBREYTNISTARF	26
VINALIÐAVERKEFNIÐ	26
LESTRARSTEFNA	27
BYRJENDALÆSI	27
FAGMENNSKUVERKEFNI	29
ERASMUS+	30
VINAVERKEFNIÐ	30
FYLGISKJÖL	32
FYLGISKJAL 1 – SKÓLADAGATAL 2016 - 2017	32
FYLGISKJAL 2 – SKÓLADAGATAL 2017 - 2018	33
FYLGISKJAL 3 - UMSÓKN UM NÁMSVAL Í 9. OG 10. BEKK	34

INNGANGUR

Í haust hóf Árskóli sitt fjórða starfsár með alla starfsemi skólans undir einu þaki. Sameiningin undir eitt þak auðveldar allt skipulag og utanumhald í skólastarfinu. Námsumhverfið hefur gjörbreytt og er mun hentugra til þeirra kennsluaðferða sem viðhafðar eru í skólanum með teymiskennslu í öllum bekkjum og aukinni notkun spjaldtölva til náms og nýtingu upplýsingatækninnar í öllum námsgreinum. Teymiskennslu og þróunarstarfi í nýtingu upplýsingatækni eru gerð skil í sérstökum köflum í skýrslunni. En þrátt fyrir breytt námsumhverfi og betri aðstæður til kennslu má þó ekki gleyma því að A-álma skólans er orðin verulega úr sér gengin og þarfnast sárlega viðhalds og endurbóta til að hún geti þjónað miðstiginu sem skyldi.

Tónlistarskóli Skagafjarðar flutti starfsemi sína í skólahúsnæði Árskóla í haust og breytir það miklu fyrir tónlistarnám nemenda og auðveldar þeim aðgengi að tónlistarnámi á skólatíma. Sú ráðstöfun að deila húsnæði með Tónlistarskólanum ýtir undir þörf skólans fyrir frambærilegan sal til afnota fyrir samkomur af ýmsu tagi, s.s. árshátíðir og tónlistarviðburði.

Ríkar hefðir móta skólastarfið í Árskóla og skapa skólanum sérstöðu. Margar hefðanna eru áratuga gamlar og aðrar hafa fest sig í sessi á síðustu árum og skapa festu og öryggi í síbreytilegu skólastarfi. Faglegt starf er stór þáttur í skólastarfinu. Í vetur var megináhersla lögð á að klára aðlögun námsmarkmiða í námsgreinum að nýrri Aðalnámskrá og endurskoða námsmat skólans. Áfram var unnið að þróunarverkefninu *Byrjendalæsi*, *Olweusaráætluninni* og þróunarverkefni um upplýsingatækni í skólastarfinu var fram haldið og þróað enn frekar. Einnig var unnið að læsisstefnu Skagafjarðar í samstarfi við grunn- og leikskóla í Skagafirði. Flestum þessum verkefnum eru gerð skil í sérstökum köflum í skýrslunni.

Norska Vinaliðaverkefnið hefur fest sig í sessi og er á öllum stigum í skólanum. Árskóli er móðurskóli verkefnisins á Íslandi og hafa starfsmenn skólans kynnt verkefnið víða um land í vetur og nú í lok skólaárs eru 45 skólar þátttakendur í verkefninu. Að auki bíða 5 skólar innleiðingar til haustsins.

Komið er að þolmörkum í hagræðingu og endurskipulagningu á skólastarfi Árskóla, en reynt hefur verið að gera það á sem mildastan máta og láta starfsmannaveltuna vinna með okkur.

Sauðárkróki, 20. júní 2017

Óskar G. Björnsson skólastjóri

Hallfríður Sverrisdóttir aðstoðarskólastjóri

STARFSTÍMI SKÓLANS

Skólastarf hófst 15. ágúst með skipulagsdögum og skólasetning fór fram 23. ágúst. Skóla var slitið 1. júní. *Skóladagatal 2016-2017 og skóladagatal 2017-2018* má sjá í fylgiskjöllum.

NEMENDAFJÖLDI

Skólaárið 2016 – 2017 var nemendafjöldi skólans eftirfarandi:

1.	bekkur	34 nemendur
2.	bekkur	26 nemendur
3.	bekkur	29 nemendur
4.	bekkur	29 nemendur
5.	bekkur	39 nemendur
6.	bekkur	45 nemendur
7.	bekkur	37 nemendur
8.	bekkur	25 nemendur
9.	bekkur	41 nemendur
10.	bekkur	26 nemendur

Nemendur voru samtals 331 að vori 2017.

STARFSMANNAHALD

STJÓRNENDUR

Auk skólastjóra og aðstoðarskólastjóra, sem jafnframt er deildarstjóri miðstigs, starfa við Árskóla 2 deildarstjórar stiga, þær Ragnheiður Matthíasdóttir deildarstjóri yngsta stigs og Kristbjörg Kemp deildarstjóri unglíngastigs. Anna Steinunn Friðriksdóttir er deildarstjóri sérkennslu. Þar að auki er deildarstjóri Árvistar - tómskundaskóla, Vala Bára Valsdóttir.

Við skólann starfa 74 starfsmenn, þar af eru kennarar 42 talsins, að deildarstjórum meðtöldum. Stöðugildi til kennslu eru 33,5 og kennslustundir á viku skólaárið 2016-2017 eru 871.

STARFSMENN - STÖÐUGILDI

Árskóli	Stöðugildi
Stjórnun	4
Kennarar	33,5
Skólaliðar	5,0
Stuðningsf.	8,5
Matráðar	4,2
Skólaritari	1
Umsjónarmaður/húsvörður	1
Náms- og starfsráðgjafi	1
Kennsluráðgjafi	0,5
Samtals:	
<i>Kennarar og stjórnendur</i>	<i>37,5</i>
<i>Aðrir starfsmenn</i>	<i>21,2</i>

Árvist (heilsdagsskóli)

Starfsmenn	1,8
Stjórnun	0,7
Samtals	2,5

FJÁRMÁL

FJÁRHAGSÁÆTLUN ÁRSKÓLA 2012-2016

Í töflu hér að neðan má sjá yfirlit yfir úthlutun fjármagns í milljónum til skólans sl. 5 ár. Þarna er eingöngu átt við fjármagn til skólans (lykill 04213), án sérdeildar og Árvistar.

Liðir:	2012	2013	2014	2015	2016
Tekjur	14,6	9,5	23,6	22,1	33,9
Laun	339	327	347	405	442,2

Vörukaup	37,6	38,1	38,3	42,1	52,6
Þjónustukaup	146,6	148,2	172,2	181,1	182,9
<i>Þar af innri leiga</i>	<i>84,4</i>	<i>89</i>	<i>115</i>	<i>116,5</i>	<i>123,5</i>
<i>Þar af skólaakstur</i>	<i>30,3</i>	<i>22,5</i>	<i>23,5</i>	<i>24,0</i>	<i>26,0</i>
Samtals	523,4	513	533,8	606,1	645,9

SKÓLANÁMSKRÁ

Skólanámskrá Árskóla er tvískipt, annars vegar almenn stefnumörkun skólans sem birt er í skólanámskrá og hins vegar starfsáætlun skólans með upplýsingum sem eru breytilegar frá ári til árs. Allir starfsmenn skólans komu að endurskoðun námskrárinnar og aðlögun að nýrri Aðalnámskrá frá 2011. Í vetur hefur verið unnið að því að endurskoða þann hluta skólanámskrár sem snýr að námsgreinum og markmiðum einstakra námsgreina og er gert ráð fyrir að þeirri vinnu ljúki í haust.

ANNAÐ SKIPULAG

SKÓLARÁÐ

Samkvæmt grunnskólalögum frá 2008 skal starfa skólaráð við hvern grunnskóla. Skólaráð er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélagsins um skólahald. Auk skólastjóra sitja í skólaráði tveir fulltrúar foreldra, tveir fulltrúar kennara, einn fulltrúi annars starfsfólks skólans, tveir fulltrúar nemenda og einn fulltrúi grenndarsamfélags eða viðbótarfulltrúi úr hópi foreldra valinn af öðrum fulltrúum skólaráðs.

Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri funda að jafnaði mánaðarlega með skólaráði, kynna þeim áætlanir skólans og fjalla um skólastarfið. Fundargerðir skólaráðs og starfsreglur eru birtar á vef skólans.

NEMENDAFÉLAG

Við grunnskóla skal starfa nemendafélag samkvæmt grunnskólalögum. Stjórn nemendafélags Árskóla vinnur að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda. Stjórn nemendafélagsins er

skipuð fulltrúum nemenda í 7. - 10. bekk. Starfsreglur hennar eru á vef skólans. Deildarstjóri unglingastigs fundar með stjórninni. Fundargerðir eru birtar á vef skólans.

SKIPTING SKÓLAÁRSINS Í ANNIR - NÁMSMAT

Á skólaárinu var skólastarfinu skipt niður í 3 annir, sem enda allar á námsmati. Formlegt námsmat var afhent þrisvar sinnum á skólaárinu, í foreldra- og nemendaviðtölum í nóvember og febrúar og við skólaslit að vori. Á miðönn hófst innleiðing á nýju námsmati sem felur í sér grundvallarbreytingar. Í Mentorkerfinu eru sett fram metanleg hæfniviðmið skólans í öllum námsgreinum og er hvert markmið orðað þannig að það sé metanlegt með matskvarða. Á mið- og unglingastigi er notaður matskvarðinn *A, B+, B, C+, C, D* en á yngsta stigi er notaður hæfnikvarðinn *Framúrskarandi, Hæfni náð, Þarfnast þjálfunar, Hæfni ekki náð*. Hæfniviðmið skólans eru nánari útfærsla á hæfniviðmiðum Aðalnámskrár grunnskóla 2011 og 2013.

Í öllu námsmati er gert ráð fyrir að kennarar noti símat en byggi námsmatið ekki eingöngu á einstökum prófum eða könnunum. Vægi einstakra þátta getur verið breytilegt eftir námsgreinum, en er nánar tiltekið í náms- og kennsluáætlunum kennara.

Gert er ráð fyrir að á næsta skólaári verði annakerfið lagt niður í tengslum við nýtt námsmatskerfi, en tveir foreldraviðtalsdagar á skólaárinu munu halda sér.

STOÐÞJÓNUSTA - STUÐNINGSÚRRÆÐI

Undir stoðþjónustu Árskóla starfa deildarstjóri sérkennslu, náms- og starfsráðgjafi, sérkennarar, stuðningskennarar, þroskaþjálfar og stuðningsfulltrúar. Einnig er hægt að sækja frekari þjónustu til Fræðsluþjónustu Skagafjarðar. Deildarstjóri sérkennslu hefur yfirumsjón með og annast skipulagningu og ráðgjöf á allri sérkennslu, stuðningskennslu og öðrum stuðningi við nemendur í skólanum. Lagt er upp úr góðri samvinnu milli deildarstjóra og náms- og starfsráðgjafa og annarra sem koma að nemendum enda samvinna forsenda árangursríks starfs.

Í vetur störfuðu 2 þroskaþjálfar í 100% starfi og 9 stuðningsfulltrúar við stoðþjónustu Árskóla í mismunandi stöðuhlutföllum. 17 kennarar alls komu að stuðningskennslu. Stuðningurinn nam

allt frá 1 kennslustund til 27 hjá þessum kennurum. Alls voru stuðningstímar 227 á viku, þar af 175 kennarastundir og 52 þroskaþjálfastundir. Vinnuframlag stuðningsfulltrúa var um 248 klukkustundir á viku sem bæði fólst í einstaklingsaðstoð og/eða aðstoð við nemendur inni í bekk.

Markmið stoðþjónustu Árskóla er að mæta þörfum nemenda með sérþarfir. Það er gert með sérkennslu, stuðningskennslu og/eða öðrum sértækum úrræðum. Í Árskóla er einnig starfrækt Námsver. Hlutverk þess er að veita nemendum með ýmiss konar fötlun eða þroskafrávik sérhæfð úrræði og einstaklingsmiðað nám. Áhersla er jafnframt ætíð lögð á að allir nemendur taki sem mestan þátt í bekkjarstarfi og sitji kennslustundir með bekkjarfélögum eins og kostur er.

Sérkennsla getur falið í sér breytingar á námsmarkmiðum, námsefni, námsaðstæðum og/eða kennsluaðferðum miðað við það sem öðrum nemendum á sama aldri er boðið upp á. Tekið er mið af þörfum og hæfileikum hvers einstaklings og leitast er við að ná þessum markmiðum með jákvæðu viðmóti og virðingu fyrir einstaklingnum um leið og lögð eru fyrir verkefni við hæfi. Unnið er samkvæmt einstaklingsnámskrá sem sérkennari/þroskaþjálfari og umsjónarkennarar/greinakennarar útbúa í hverju tilviki fyrir sig í samráði við foreldra/forsjáraðila og annað starfsfólk. Stuðningskennsla er vinna með nemendum sem þurfa stuðning og aðhald við námið en fylgja samt markmiðum jafnaldra eftir. Kennslan fer ýmist fram sem stuðningur í kennslustund eða í litlum nemendahópum.

Hlutverk stuðningsfulltrúa er að auka færni og sjálfstæði nemenda, hvort heldur sem er námslega eða félagslega. Þeir vinna undir stjórn deildarstjóra eða kennara við að aðstoða kennara við að sinna einum eða fleiri nemendum sem þurfa á sérstakri aðstoð að halda.

Góð samvinna hefur verið við fyrirtæki og stofnanir í bænum við að finna sérhæfð úrræði fyrir eldri nemendur í formi starfsþjálfunar til að auka hlut verklegar vinnu á kostnað bóklegrar. Áhersla verður á að auka þennan þátt í náminu og koma þannig enn betur á mótis við mismunandi þarfir nemenda.

Teymi eru mynduð utan um nemendur með sérþarfir af ýmsu tagi til að halda utan um málefni þeirra og námsframvindu. Oftast er um að ræða nemendur með þroskafrávik, sértæka

námsörðugleika og/eða aðrar sérþarfir. Fundir eru að öllu jöfnu haldnir á 6 – 8 vikna fresti. Í teymunum sitja að öllu jöfnu foreldrar, umsjónarkennari/ar, deildarstjóri sérkennslu og/eða stiga, þroskaþjálfari/sér- og stuðningskennari, stuðningsfulltrúi, auk aðila frá tengslastofnunum ef við á.

TEYMISKENNSLA

Teymiskennsla hefur verið í öllum árgöngum skólans síðustu fjögur skólaár. Hefðbundið bekkjarkerfi var afnumið en í stað þess er unnið með hvern árgang í heild sem bekkjardeild og umsjónarkennarar eru yfirleitt tveir, en þrír í stærri árgöngum. Með teymiskennslu er átt við að tveir eða fleiri kennarar vinni saman að kennslu í sama rými. Umsjónarkennarar/kennarar í teyminu bera sameiginlega ábyrgð á kennslunni og skipulagi hennar og njóta liðsinnis stuðningskennara og/eða stuðningsfulltrúa sem eru þátttakendur í teyminu.

Teymiskennslan var með ýmsu sniði, algengt var að kennararnir í teyminu deildu með sér kennslu allra nemendanna en einnig var nemendum gjarnan skipt í mismunandi hópa eftir námsþörfum eða námsefni. Hver árgangur hafði tvær opnar, samliggjandi kennslustofur og höfðu kennarar möguleika á að loka á milli eftir hópum og viðfangsefni.

Markmið með teymiskennslunni er að efla skólastarfið enn betur en ótal kennslufræðileg- og félagsleg rök mæla með þessum kennsluháttum. Má þar nefna meiri sveigjanleika og fjölbreytni í verkefnum og kennsluaðferðum, meiri samvinnu og samhæfingu kennslu í árganginum, auðveldara er að koma til móts við námsþarfir hvers nemanda, nemendur fylgjast með góðum samskiptum kennaranna og upplifa jákvæða fyrirmynd í samskiptum fullorðinna. Kennsluáætlun heldur sér þótt einn kennara vanti og forfallakennari komi í hans stað og fjölbreyttari félagahópur getur leitt til meiri samheldni innan nemendahópsins. Fjárhagsleg rök eru einnig fyrir hendi því nýting á starfsfólki skólans verður hagkvæmari auk þess sem skólahúsnæðið er betur nýtt. Ókostir við teymiskennsluna eru að skipulag er þyngra í vöfum og að nokkru leyti tekur það lengri tíma, auk þess sem sumum nemendum finnst erfitt að vinna í áreiti sem kunna að fylgja stærri nemendahópum.

ÁRVIST - HEILSDAGSSKÓLI

Haustið 2016 voru 64 börn skráð í Árvist. Vegna fjölda var ekki hægt að bjóða upp á vistun fyrir 4. bekk. Fjöldi barna í 1. bekk var þrjátíu, átján í 2. bekk og sextán í 3. bekk.

Í apríl og maí fækkaði börnum lítillega, aðallega börnum í 3. bekk, en alls voru börnin 50 í lok skólaárs.

Starfsmenn þessa skólaárs voru sex að deildarstjóra meðtöldum. Einn starfsmaður var 3 mánuði í fæðingarorlofi, þ.e. nóvember, janúar og mars. Tveir starfsmenn unnu fjóra daga í viku og einn starfsmaður leysti af í eldhúsi eftir hádegi ef þörf var á. Einn af þessum sex starfsmönnum sá um ræstingu. Í lok mars bættist við starfsmaður sem kom í gegnum Virk starfsendurhæfingu.

Að venju var opið í Árvist í vetrarfríum og á haustmisseri voru u.þ.b. fjórtán börn á dag, en aðeins u.þ.b. átta á vormisseri.

Helstu breytingar í tæknimálum voru að gömlu túbusjónvarpi var skipt út fyrir tjald og skjávarpa.

Tónlistarskólinn flutti starfsemi sína í Árskóla sl. haust og gefur það börnum kost á að stunda tónlistarnám á Árvistartíma.

Samstarf hefur verið við Ungmennafélagið Tindastól um fótboltaæfingar, körfuboltaæfingar og frjálssar og það samstarf hefur gengið vel.

Kynningarfundur fyrir foreldra barna í 1. bekk á næsta skólaári var haldinn 29. maí sl. Foreldrum var gefinn kostur á að skoða húsnæði Árvistar og spyrja spurninga. Sá fundur reyndist vel og verður að öllum líkindum aftur að ári.

SKIPULAG FÉLAGSSTARFA

Umsjónarkennarar halda utan um félagsstarf í sínum bekk. Þeir skipuleggja bekkjarkvöld, spilakvöld, vinabekkjja samveru, litlu jól og skemmtanir, gjarnan með foreldrum, en í samstarfi við foreldrafélag skólans starfa 2 - 4 tengiliðir í hverjum bekk sem fulltrúar foreldra.

1. – 4. bekkur. Bekkjarkvöld eru haldin að lágmarki tvisvar á skólaári. Árshátíð hvers árgangs, þar sem nemendur koma fram með ýmis skemmtiatriði og leikþætti, er haldin árlega og er foreldrum og öðrum aðstandendum boðið á sýningu í Bifröst.

5. – 7. bekkur. Bekkjarkvöld eru haldin að lágmarki tvisvar á skólaári. Árshátíð þar sem allir nemendur viðkomandi bekkja koma fram er haldin árlega. Umsjónarkennarar aðstoða nemendur við undirbúning. Ágóði rennur í ferðasjóð 7. bekkjar, en 7. bekkur fer í þriggja daga ferðalag að vori. Umsjónarkennarar 7. bekkjar aðstoða við fjáröflun vetrarins. Auk þess gefa nemendur 7. bekkjar út skólablað miðstigs, *Skólatrall* sem selt er til fjáröflunar.

8. – 10. bekkur. Bekkjarkvöld eru haldin að lágmarki tvisvar á skólaári (8. - 9. bekkur). Árshátíð 8. og 9. bekkjar er haldin í desember. Árshátíð 10. bekkjar er haldin í mars. Ágóði árshátíða unglíngastigs rennur í ferðasjóð 10. bekkja sem fara í 5 daga ferð til Danmerkur og Svíþjóðar. Nemendur í leiklistarvali 10. bekkjar bera hitann og þungann af leikritinu sjálfu, en allir nemendur í 10. bekk koma að sýningunum með einum eða öðrum hætti. Undanfarin ár hafa sýningar verið u.þ.b. 10 talsins. Umsjónarkennarar 10. bekkjar og deildarstjóri aðstoða nemendur við undirbúning og alla fjáröflun. Auk leiksýningar er ein aðalfjáröflunin dansmaráþon 10. bekkjar sem haldið er fyrri hluta októbermánaðar. 10. bekkur gefur einnig út skólablað unglíngastigs, *Glóðafeyki* til fjáröflunar.

Nokkur ferðalög eru farin á vegum skólans og er komin hefð á flesta áfangastaði:

1. bekkur: Heimsókn á sveitabæ – Keldudalur í Hegranesi.
2. bekkur: Heimsókn í Glaumbæ – Víðimýri, Varmahlíð og skógrækt.
3. bekkur: Farið heim að Hólum.
4. bekkur: Dagsferð. Blönduós, Skagaströnd og nágrenni.
5. bekkur: Dagsferð til Dalvíkur – Hríseyjar.
6. bekkur: Dagsferð til Akureyrar.
7. bekkur: Skólabúðir að Reykjum (5 d.). Vorferðalag um Suðurland (3 d.)
8. bekkur: Oftast dagsferð á Norðurlandi. Í ár var farið til Akureyrar.

9. bekkur: Vorferð innan héraðs með gistingu.

10. bekkur: Skólaferðalag/nemendasamskipti, sl. 19 ár til Danmerkur og einnig Svíþjóðar sl. 15 ár.

SAMSTARF

SAMSTARF HEIMILA OG SKÓLA

FORELDRAFÉLAG

Við skólann starfar foreldrafélag sem er skipað fulltrúum foreldra. Félagið hefur m.a. staðið fyrir fyrirlestrum um skóla- og uppeldismál ásamt ýmsum viðburðum á vegum skólans og í samstarfi við kennara.

Í hverjum árgangi eru tveir til fjórir foreldrar tengiliðir. Þeir funda með umsjónarkennurum nokkrum sinnum á skólaárinu og aðstoða við félagsstarf í sínum bekk. Umsjónarkennarar hafa samband við tengiliði þegar þeir vænta þátttöku foreldra í skólastarfinu en jafnframt hafa tengiliðir frumkvæði að samstarfi. Foreldrafélagið hefur m.a. staðið fyrir vinahringjum í yngri bekkjum.

FORELDRASAMSTARF

Nauðsynlegt er að leggja rækt við samvinnu skóla og heimila og auka þátt foreldra í skólastarfinu og reynir skólinn að leggja sitt af mörkum til að svo megi verða. Að hausti boða umsjónarkennarar hvers árgangs foreldra til sín og kynna þeim námsefni vetrarins, áætlanir viðkomandi árgangs og skólastarf vetrarins. Foreldrum gefst einnig tækifæri til að hitta stjórnendur og koma með fyrirspurnir.

Skólinn stendur fyrir sérstöku fræðslunámskeiði fyrir foreldra 1. bekkinga að hausti, sem mælt hefur mjög vel fyrir. Þar er skólastarfið kynnt rækilega, stoðkerfið, sálfræðiþjónusta skólans og starfsemi fræðsluþjónustu.

Í 5. bekk er haldinn fræðslufundur fyrir foreldra þar sem fjallað er sérstaklega um sameiginleg viðmið og gildi í uppeldi barna auk þess sem Olweusaráætlunin er kynnt. Einnig hefur verið fjallað um netnotkun barna og þær hættur sem ber að varast.

Í 8. bekk hefur einnig í nokkur ár verið haldinn fræðslufundur fyrir foreldra að hausti. Á fundinum eru foreldrum kynntar breyttar áherslur í námi og starfi þegar komið er á unglingastig. Haldnir eru fyrirlestrar, annars vegar um breytingar sem fylgja unglingsárunum og hins vegar um um netnotkun unglunga og hættur í netheimum. Olweusaráætlunin er einnig ítrekuð á þessum fundi.

Kennarar 1. bekkjar kalla foreldra og börn inn í sérstök viðtöl við upphaf skólagöngu. Haldnir eru kynningarfundir að vori fyrir foreldra verðandi 9. og 10. bekkinga vegna valgreina og auk þess er bæklingur um námsval fyrir næsta skólaár birtur á vef skólans. Fundað er sérstaklega með foreldrum 10. bekkinga og nemendum sjálfum þar sem inntökuskilyrði og námsframboð framhaldsskólanna eru kynnt. Hjá náms- og starfsráðgjafa Árskóla geta foreldra og nemendur nálgast frekari upplýsingar um framhaldsskólana.

Kennarar eru hvattir til þess að hafa samband að fyrra bragði við foreldra vegna allra tilvika sem upp geta komið í skólastarfinu og snerta nemendur. Þetta á bæði við um þegar vel gengur og eins þegar eitthvað bjátar á og finna þarf leiðir til að leysa úr verkefnum. Oft er leitað til foreldra eftir aðstoð við skólastarfið, t.d. við undirbúning jóla- og bekkjarskemmtana, vegna ferðalaga og vettvangsferða.

TENGLI VIÐ LEIKSKÓLA

Sífelld er unnið að auknum tengslum við leikskólann Ársali með sameiginlegum fundum og gagnkvæmum heimsóknum nemenda, sérstaklega yngstu nemendanna. Deildarstjóri og kennarar yngsta stigs Árskóla halda reglulega fundi með leikskólastjóra og kennurum í Ársölum þar sem samstarfið er skipulagt. Starfsmenn skólanna hafa m.a. leitað leiða til að auðvelda flutning nemenda úr leikskóla í grunnskóla, sótt sameiginlegt námskeið og samræmt kennsluáðferðir að hluta. Skólarnir hafa haft kennaraskipti tvisvar sinnum á þessu skólaári, tvo daga í senn. Hefð hefur myndast fyrir því að deildarstjóri yngsta stigs og verðandi kennarar 1.

bekkjar verði viðstaddir skólaslit í Ársölum að vori og leikskólakennarar úr Ársölum starfi í Árskóla fyrsta skóladag 1. bekkjar að hausti.

Skipulag samstarfs við leikskólann Ársali á þessu skólaári var eftirfarandi:

Ágúst:

23. Skilafundur í Ársölum vegna væntanlegra nemenda í 1. bekk.

26. Fyrsti skóladagur 1. bekkjar. Leikskólakennari frá Ársölum vann í Árskóla.

September:

5. og 12. Heimsókn skólahóps í Árvist og á skólasafn í Árskóla, 13 - 14 nemendur í senn.

Október:

3., 4. og 11. Heimsókn skólahóps í kennslustund í 1. bekk, 9 nemendur í senn.

5. Heimsókn skólahóps á maraþon hjá 10. bekk.

Nóvember:

4. 1. bekkur heimsótti Ársali í vinastund. Leikur úti og inni.

16. 7. bekkur heimsótti skólahóp og las fyrir leikskólanemendur í tilefni af *Degi íslenskrar tungu*.

Kennaraskipti:

17. Kennari frá Árskóla starfaði í Ársölum og leikskólakennari frá Ársölum í Árskóla.

18. Kennari frá Árskóla starfaði í Ársölum og leikskólakennari frá Ársölum í Árskóla.

25. Friðarganga. Skólahópur fylgdist með friðargöngu Árskóla og þáði kakó og piparkökur á skólalóð.

Desember:

15. Lúsíudagur í Árskóla. 6. bekkur Árskóla heimsótti Ársali á Lúsíudaginn.

Janúar:

5. Skipulagsfundur kennara beggja skóla var haldinn í Ársölum.

19. og 26. : Nemendur Ársala komu í tölvutíma hjá 1. bekk Árskóla.

24. 2. bekkur fór í Árskóla til að leika úti og inni.

Febrúar:

10. og 17. Skólahópur fór í íþróttatíma með 1. bekk Árskóla. 13 nemendur í senn.

Mars:

6. og 20. Skólahópur fór í tónmenntatíma með 2. bekk. 13 nemendur í senn.

10. bekkingar heimsóttu Ársali og kynntu árshátíðarleikrit sitt.

Apríl:

Kennaraskipti:

3. Kennari frá Árskóla starfaði í Ársölum og leikskólakennari frá Ársölum í Árskóla.

6. Kennari frá Árskóla starfaði í Ársölum og leikskólakennari frá Ársölum í Árskóla.

5. Nemendur í 9. bekk heimsóttu nemendur Ársala og lásu fyrir þá smásögu sem þeir sömdu sem verkefni í íslensku.

27. 1. bekkur fór í Ársali og las fyrir skólahóp.

Mái:

30. Útskrift skólahóps Ársala. Deildarstjóri yngsta stigs Árskóla var viðstaddur.

31. Grill og gleðiganga Árskóla. Nemendur skólahóps Ársala tóku þátt.

Skilafundur vegna verðandi 1. bekkinga með sérþarfir er haldinn í maí ár hvert. Þann fund sitja deildarstjóri og þroskaþjálfari í skólahópi, deildarstjóri yngsta stigs Árskóla, deildarstjóri stoðkerfis Árskóla, forstöðumaður Árvistar, verðandi kennarar 1. bekkjar Árskóla og foreldrar viðkomandi barns.

Skilafundur vegna annarra verðandi 1. bekkinga er haldinn um miðjan ágúst. Þann fund sitja að öllu jöfnu deildarstjórar skólahóps, deildarstjóri yngsta stigs Árskóla og umsjónarkennarar 1. bekkjar.

TENGSL VIÐ FRAMHALDSSKÓLA

Gott samstarf er við Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra. Fulltrúar frá FNV koma árlega í heimsókn og kynna nemendum í 10. bekk framhaldsnám og haldinn var fundur með foreldrum og nemendum um sama mál. Nemendur í 10. bekk heimsóttu einnig FNV og kynntu sér skólastarfið nánar.

Árskóli er í samstarfi við FNV varðandi kennslu í nokkrum valgreinum í 9. og 10. bekk, s.s. málmsmíði og hönnun og smíði. Einnig er bundið val í 9. bekk þar sem allir nemendur sækja námskeið í kynningu á iðngreinum. Kennt er í helgarnámskeiðum, samtals 4 daga.

Árskóli hefur einnig verið í samstarfi við Hólaskóla tíu síðastliðna vetur, þar sem 8. og 9. bekkingum var boðið upp á valgreinina hestamennsku, bóklega og verklega, undir leiðsögn kennaranema (æfingakennsla) á leiðbeinendastigi. Er þarna um vikunámskeið að ræða og hefur þetta samstarf skólanna tekist afar vel. Sjö nemendur úr 8. bekk, einn úr 9. bekk og einn úr 10. bekk tóku þátt í námskeiðinu í vetur og voru nemendur afar ánægðir með námskeiðið.

Einn nemandi í 9. bekk lauk námsmarkmiðum 10. bekkjar í dönsku um áramót. Sækja þarf formlega um á sérstökum eyðublöðum á vef skólans ef nemendur vilja flýta námi sínu og er umsóknin tekin til umfjöllunar af stjórnendum og kennurum í viðkomandi námsgrein og niðurstaðan kynnt nemendum og foreldrum á fundi í skólanum. Einn nemandi úr 10. bekk lagði stund á nám í ensku og stærðfræði við FNV skólaárið 2016-17.

TENGLI VIÐ ERLENDI SKÓLA

Skólinn hefur undanfarin ár átt í samstarfi við skóla í Køge í Danmörku, aðallega Højelse skole. Þessi samskipti hafa einkennst af gagnkvæmum heimsóknum og tölvusamskiptum nemenda og kennara. Í lok september heimsóttu nemendur úr Højelse skole Árskóla. Í maí fór 10. bekkur í skólaferðalag til Danmerkur og Svíþjóðar og heimsótti þá Højelse skole.

Undanfarin ár hefur Árskóli verið í skólasamstarfi við önnur Evrópulönd og hefur samstarfið hlotið Erasmusstyrki.

SAMRÆMD KÖNNUNARPRÓF

Samræmd könnunarpróf eru lögð fyrir að hausti í öllum grunnskólum landsins í 4. og 7. bekk og að þessu sinni að vori í 9. og 10. bekk. Prófin eiga að meta kunnáttu og færni í íslensku og stærðfræði í öllum árgöngunum og auk þess í ensku í 9. og 10. bekk. Samkvæmt ákvörðun

Mennta- og menningarmálaráðuneytis var Menntamálastofnun falið að innleiða rafræn samræmd próf frá hausti 2016.

Tilgangur prófanna er eftirfarandi:

- að athuga eftir því sem kostur er að hvaða marki námsmarkmiðum aðalnámskrár í viðkomandi námsgrein eða námsþáttum hafi verið náð
- að vera leiðbeinandi um áherslur í kennslu fyrir einstaka nemendur
- að veita nemendum, foreldrum og skólum upplýsingar um námsárangur og námsstöðu nemenda
- veita upplýsingar um hvernig skólar standa í þeim námsgreinum sem prófað er úr, miðað við aðra skóla landsins

Hér að neðan má sjá niðurstöður úr samræmdum könnunarprófum í 4., 7., 9. og 10. bekk í Árskóla skólaárið 2016-17. Normaldreifðar einkunnir á kvarðanum 0 - 60. Meðaltal 30. Til samanburðar eru niðurstöður samræmdra prófa síðustu 5 ár.

4. og 7. bekkur	Síðustu 5 ár			Haust 2016		
	Árskóli	Kjörd.	Landið	Árskóli	Kjörd.	Landið
4. bekkur íslenska	29,8	-	30	33,2	29,6	30
4. bekkur stærðfræði	28,5	-	30	39,1	31,8	30
7. bekkur íslenska	30,9	-	30	27,9	27,2	30
7. bekkur stærðfræði	29,8	-	30	26,0	28,0	30

10. bekkur	Síðustu 5 ár			vor 2017		
	Árskóli	Kjörd.	Landið	Árskóli	Kjörd.	Landið
Íslenska	29,0	-	30	28,8	29,0	30
Stærðfræði	29,1	-	30	25,4	26,9	30
Enska	27,6	-	30	29,5	28,3	30

9. bekkur

vor 2017

	Árskóli Kjörd. Landið		
Íslenska	30,2	28,8	30
Stærðfræði	25,5	26,7	30
Enska	31,9	28,3	30

Varðandi þennan samanburð ber að hafa í huga að þátttaka nemenda í Árskóla er nánast 100% í öllum samræmdum prófum. Sú er ekki raunin á landsvísu.

VALGREINAR

Í 1. – 8. bekk eru þær stundir sem skólinn hefur til ráðstöfunar nýttar í viðbótartíma í íslensku, stærðfræði og lífsleikni. Í 8. – 10. bekk er vikulega 1 kennslustund í lífsleikni hjá lífsleiknikennara og 1 umsjónartími hjá umsjónarkennara í 8. bekk, þar sem m.a. eru haldnir bekkjarfundir skv. Olweusaráætluninni. Auk þess er 10 mínútna umsjónartími á hverjum morgni á unglingastigi.

Í 8. bekk geta nemendur valið sér námsgrein í 2 stundir á viku. Boðið var upp á námsgreinarnar leiklist, ljósmyndun, fablab, heimabyggðin og fluguhnýtingar í vetur. Auk þess var boðið upp á bundið val í list- og verkgreinum 4 stundir á viku, þar sem nemendur gátu valið sér 3 námsgreinar af fjórum. Í 9. – 10. bekk er einnig boðið upp á val nemenda og er fjölbreytni mikil. Síðastliðin tvö ár hefur skólinn boðið nemendum að fá íþróttæfingar hjá íþróttafélagi, t.d. fótbolta, körfubolta og frjálsar íþróttir metnar sem valgrein samkvæmt ákveðnum reglum sem skólinn setur og í vetur voru 20 nemendur sem nýttu sér það. Gerður er sérstakur samningur varðandi slíkar valgreinar þar sem nemendur þurfa að uppfylla ákveðin skilyrði varðandi ástundun. Einnig geta nemendur fengið fullt nám í Tónlistarskóla metið sem valgrein og nýttu 3 nemendur sér það. Í vetur bættist við valgrein þar sem nemendur geta fengið ungliðastarf hjá Björgunarsveitinni Tröllla metið sem valgrein. Auk þess var nokkrum nýjum valgreinum bætt við. Sýnishorn af námsvali nemenda í 9. - 10. bekk fyrir skólaárið 2016 – 2017 er í kaflanum fylgiskjöl.

SKÓLASAFN

Í október 2013 var opnað nýtt og glæsilegt skólabókasafn við Árskóla. Þar er góð vinnuaðstaða fyrir hópa. Góður aðgangur er að tölvustofu þar sem 15 borðtölvur eru, auk fartölva. Hægt er að vera með einn árgang í vinnu á svæðinu ef svo ber undir. Bókakostur safnsins er ágætur og nokkuð fjölbreyttur þó fjárveitingar til safnsins mættu vera ríflegri. Allir nemendur nýttu sér bókakostinn fyrir frjálsan lestur. Safnið var nýtt fyrir vinnu í flestum námsgreinum á mið- og unglingastigi. Kynning á nýjum bókum fyrir jólin fór fram á safninu og „bangsadagur“ var haldinn hátíðlegur hjá 1. - 6. bekk. Skólaárið 2014-2015 var byrjað með lestrarhvatningarverkefni sem kallast Drekkaklúbbur. Nemendur urðu mjög spenntir fyrir þeim klúbbi og hefur hann haldið vinsældum sínum. Önnur lestrarhvatningarverkefni sem safnið hefur staðið fyrir eru „Á grænni grein,“ lestrarátak sem stóð yfir frá 12.- 23. september fyrir nemendur í 1.- 7. bekk. Nemendur söfnuðu pappírslaufblöðum í mismunandi litum eftir árgöngum, á sameiginlega grein, sem staðsett var í matsal skólans. Einnig var jólabókalestur á aðventunni og síðast en ekki síst lestrarátak Ævars vísindamanns. Öll þessi verkefni voru vinsæl hjá nemendum og jókst lestur hjá mörgum þeirra. Haustið 2014 var byrjað að tengja bækur safnsins við Gegni, landskerfi bókasafna. Þar sem það er hliðarverkefni við starfsemi safnsins hefur tengingin gengið hægt. Þrátt fyrir það var byrjað að lána út frá því kerfi í október 2015. Ekki hefur enn tekist að tengja allar bækur við Gegni.

Útlán safnsins síðustu 4 skólaár.

Skólaár	Fjöldi bóka
2013 - 2014	2854 Skráning frá sept. til maí.
2014- 2015	6178
1. bekkur er ekki meðtalinn þar sem bækur voru staðsettar í stofunni þeirra og skipt út reglulega.	
2015-2016	4153*
2016- 2017	7061*

*Útlán utan Gegnis eru ekki inni í þessari tölu. Gegnis útlán byrjuðu í október 2015. Bækur sem fara í kennslustofur eru ekki heldur inni í þessari tölu. Nemendur í 1. - 7. bekk fá 30-40 bækur til að hafa í stofunum og er skipt út einu sinni á önn.

TÖLVU - OG UPPLÝSINGATÆKNI

TÆKJABÚNAÐUR

Eins og Aðalnámskrá grunnskóla gerir ráð fyrir þarf að þjálfra hvern nemanda markvisst í upplýsinga- og miðlalæsi alla skólagönguna. Samhliða nýtingu upplýsinga- og samskiptatækni á Netinu er nauðsynlegt að nemendur þekki helstu reglur um örugg samskipti á stafrænum miðlum, höfundarétt, læri að virða siðferði í meðferð upplýsinga og heimilda og sýni víðtæka hæfni í notkun tækni og miðlunar. Til að breyta kennsluháttum í takt við þarfir 21. aldarinnar eru þráðlaus tæki orðin nauðsynleg til að geta unnið óhindrað með öðrum, hvar og hvenær sem er. Tækjabúnaður skólans þarf því að vera í takt við tímann.

Í samræmi við nýja framtíðarsýn skólans og breyttar þarfir nemenda og starfsmanna varðandi þráðlausan tækjabúnað, voru iPad spjaldtölvur keyptar í alla árganga á yngsta stigi, u.þ.b. einn iPad á hverja þrjá nemendur. Kennarar þessara árganga fengu iPad spjaldtölvur og hefur samhliða þessu verið unnið að spjaldtölvuvæðingu í öllum árgöngum á mið- og unglingsstigi. 7 og 8. bekkur fengu fræðslufundi um iPad og koma iPadar fyrir alla nemendur þessara árganga í sumar. Fundir með foreldrum nemenda á miðstigi eru áætlaðir í ágúst og september haustið 2017.

Eins og staðan er núna eru 15 borðtölvur í stóru tölvustofunni en einnig 46 Chromebook fartölvur til útláns á öllum stigum og hafa þær reynst mjög vel. Minni tölvustofunni hefur verið breytt í tækniherbergi þar sem 22 símar í sýndarveruleika, 3 iMac tölvur, aðrir iPadar og vélmenni eins og Dash og Sphero eru hlaðin og geymd. Auk þess tölvubúnaðar sem hér er nefndur á skólinn 25 iPad spjaldtölvur sem fengust með styrk úr Þróunarsjóði grunnskóla haustið 2012 og eru þær aðallega nýttar í forritunarkennslu og fyrir nemendur með sérþarfir. Skjávarpar og skjávarpatjöld

voru sett upp í allar kennslustofur, 22 49" LG sjónvörp voru sett upp í kennslustofum og minni rýmum og 36 Apple TV voru sett upp í skólanum. Skólinn á nú allan tölvu- og tæknibúnað, en leigu var hætt að fullu í mars 2017.

Haustið 2012 voru gerðar breytingar á hýsingu tölvugagna í skólanum. Hýsing varð miðlæg á vegum Tengils ehf. og gaf sú ráðstöfun starfsmönnum kost á að nálgast gögnin sín gegnum vefinn hvaðan sem er í gegnum Kerfisveituna. Nokkur tæknileg vandamál hafa þó fylgt þessari hýsingu í gegnum tíðina. Í vetur hefur notkun Kerfisveitunnar farið minnkandi og stór hluti starfsmanna notar G Suite For Education við hýsingu og miðlun gagna. Stefnan er að færa nær alla hýsingu á gögnum í Google Drive en viðkvæm skjöl fari á Mentor og/eða One skjalakerfið. Tölvuumsjónarmaður sveitarfélagsins sinnir tækjabúnaði skólans og tæknilegum vandamálum.

ÞRÓUNARVERKEFNI Í UPPLÝSINGATÆKNI

Haustið 2014 fór af stað verkefni í breytingu kennsluhátta þar sem þjálfun starfsmanna, fagleg umræða, iPad spjaldtölvur og fartölvur spila stórt hlutverk. Í upplýsingasamfélagi 21. aldarinnar hættir nám ekki um leið og skólabjallan hringir í lok dags heldur geta nemendur nú lært það sem þeir vilja, þegar þeir vilja, ef þeir hafa til þess tæki og hafa lært að nýta þau sér til gagns, upplýsingaöflunar og -miðlunar.

Allir nemendur í 1. - 4. bekk hafa aðgang að iPad tækjum í skólastofunni sinni og nemendur frá 5. - 10. bekk munu hafa, frá og með næsta hausti, sitt eigið tæki í skólanum til þess að einstaklingsmiða að sínum þörfum. Auk þess eru 22 Samsung S6 símar til afnota, aðallega í sýndarveruleika og 16 iPad Pro sem aðallega eru notaðir í myndlistarkennslu.

Með innkomu tækja í skólastofuna verður um leið töluverð breyting á því hvernig vinna nemenda fer fram. Lagt er upp með að nýta tækin sem námstæki og koma þeim það vel inn í námsgreinarnar að minni hættu sé á því að þau verði notuð sem leiktæki og „verðlaun“ fyrir nemendur. Ný vinnubrögð hafa rutt sér til rúms í kennslustofunni og áherslan hefur farið frá kennaranum yfir á nemandann og hans vinnubrögð. HópaVinna nemenda hefur aukist með tilkomu tækninnar og hafa nemendur öðlast aukna færni í að vinna saman og komast að

sameiginlegri niðurstöðu. Þetta hefur þroskað þá í samskiptum og tillitssemi. Áhugi og viðhorf nemenda til náms og skólans hafa tekið stakkaskiptum til hins betra.

Á næsta skólaári er gert ráð fyrir áframhaldandi þróun kennsluhátta með auknum tækjabúnaði en Árskóli er nú í fremstu röð á landinu er varðar upplýsingatækni og búnað til náms og kennslu. Stöðugt þarf að endurhugsa nám og kennslu með tilliti til tækni og nýrra þarfa atvinnulífs og samfélags en einnig endurhugsa vinnurými bæði starfsmanna og nemenda.

Mikil ánægja er meðal nemenda, foreldra og kennara með hvernig verkefnið hefur farið af stað og spenna fyrir áframhaldandi þróun kennsluhátta. Verkefnið hefur haft mjög jákvæð áhrif á nám og kennslu.

MAT Á SKÓLASTARFI – SJÁLFSMAT SKÓLA

Samkvæmt 35. og 36. grein grunnskólalaga ber öllum grunnskólum að framkvæma kerfisbundið sjálfsmat. Tilgangur þess er að kanna hvort markmiðum skólans hefur verið náð, greina sterka og veika þætti í skólastarfinu og skapa þannig grunn að umbótum. Sjálfsmatið verður stöðugt að vera í gangi og er langtímamiðað. Með því fer fram víðtæk gagnasöfnun um skólastarfið. Sjálfsmat skóla er því leið til þess að miðla þekkingu á skólastarfi og er liður í þróun og vexti hvers skóla. Sjálfsmat, umbætur og mat á þeim eru því lykill að því að gera góðan skóla betri. Skólanámskráin er lögð til grundvallar í öllu mati skólans, en hún er sá faglegi grundvöllur sem skólastarfið byggir á. Þar eru markmið skólastarfsins sett. Markviss endurmenntunar- og þróunarátætlun er síðan unnin út frá niðurstöðum matsins.

Skólinn hefur byggt sjálfsmat sitt á skoskri sjálfsmatsaðferð, *How good is our school*, allt frá árinu 1999. Starfsfólk Skólaskrifstofu Skagfirðinga þýddi aðferðina yfir á íslensku það ár og var aðferðin nefnd *Gæðagreinar*. Aðferðin hefur verið notuð í grunnskólum í Skagafirði og víðar um land síðan. Skotarnir hafa þróað og uppfært sjálfsmatsaðferðina í gegnum árin. Þriðja útgáfa Skotanna var þýdd yfir á íslensku og gefin út árið 2010 og nefndist þá *Gæðagreinar 2*. Fjórða útgáfa Skotanna var gefin út í september sl. Starfsfólk Fræðsluþjónustu Skagafjarðar lauk nú í apríl þýðingarvinnu á þeirri útgáfu og nefnist íslenska þýðingin *Hversu góður er grunnskólinn*

okkar? Innleiðing á nýrri útgáfu á *Hversu góður er grunnskólinn okkar* hófst í Árskóla vorið 2016 og mun innra mat skólans taka mið af henni í framtíðinni. Samhliða munu gæðagreinar sem starfsfólk skólans hefur búið til á síðustu misserum um skólastarf í Árskóla verða lagðir fyrir til mats og umbóta. Starfsfólk skólans er orðið vel þjálfað í innra mati á skólastarfinu sem byggir á ábyrgri, faglegri ígrundun og þátttöku allra þar sem umbótamiðað skólastarf er grunnhugsunin. Nemendur frá 5. bekk og upp úr hafa einnig komið að innra mati og tekið virkan þátt í mati á skólastarfinu með sjálfsmatsaðferðinni. Stefnt er í átt að *framúrskarandi skólastarfi*. Vegna aðstæðna veturinn 2016-2017 hefur hefðbundið sjálfsmat skv. skoska kerfinu að mestu legið niðri, en meginþungi faglegs starfs farið í endurskoðun á námsmati í skólanum og aðlögun námsmarkmiða skólans að nýrri Aðalnámskrá. Heilmikið hefur áunnist og var unnið eftir nýju námsmatskerfi í öllum árgöngum á vorönn. Gert er ráð fyrir að vinnu við innleiðingu nýs námsmatskerfis ljúki á haustdögum.

ENDURMENNTUN

FRÆÐSLA INNAN SKÓLANS

Innleiðingu á verkefni um *Byrjendalæsi* hefur verið fylgt eftir á skólaárinu. Tveir kennarar frá Árskóla hafa lagt stund á nám í byrjendalæsi í vetur en alls hafa 14 kennarar í Árskóla útskrifast sem byrjendalæsiskennarar.

Upplýsinga- og tæknimenntateymi hefur staðið fyrir *faglegum fimmtudögum* á skólaárinu þar sem ýmis viðfangsefni skólans hafa verið kynnt og rædd. Einnig stóð teymið fyrir *UT ráðstefnu* í Árskóla þar sem tækninýjungar og notkun þeirra í skólastarfi voru í brennidepli.

Fræðslufundur um bekkjarfundi var haldinn í Árskóla í febrúar, en Sigríður Ingadóttir frá HA fræddi starfsmenn um hvernig á að halda góða bekkjarfundi.

RÁÐSTEFNUR, NÁMSFERÐIR OG NÁMSKEIÐ UTAN SKÓLANS

Tvær námsferðir erlendis voru farnar í vetur á styrk frá *ERASMUS+* menntaáætlun Evrópusambandsins til að sækja námskeið/ráðstefnu um stærðfræðimenntun og kynna sér nám og kennslu í leiklist og skoða leikhús.

Í júlí sátu tveir kennarar ráðstefnuna/námskeið 13th International Congress on Mathematical Education. Sátu þeir fyrirlestra, námskeið og kynntu sér nýjungar í kennslugögnum í stærðfræði. Í janúar fóru fjórir kennarar til London til að kynna sér leiklistarkennslu og nemendaleikhús. Leikhúsið Young Vic Theatre var heimsótt og stafsemi þess skoðuð. Þá var leiklistarskólinn Rose Bruford skoðaður og var mikil ánægja með þá heimsókn. Að lokum var stúlkaskólinn Barnwood Park Arts College sóttur heim. Þar sátu starfsmenn kennslustundir í leiklist, myndlist og dansi. Að kennslustundum loknum fengu þeir tækifæri til að ræða við kennarana um uppbyggingu kennslustunda í þessum greinum og hvernig markmiðssetningu og námsmati væri háttað.

ERASMUS+ ferðirnar gengu mjög vel og voru starfsmenn almennt mjög ánægðir með það sem fyrir augu og eyru bar.

Í nóvember var haldin UT-ráðstefna í Árskóla. Þessa ráðstefnu sátu nokkrir kennarar skólans auk starfsfólks skóla víðsvegar af landinu. Þrír kennarar skólans sóttu BETT ráðstefnuna í London sem fjallar fyrst og fremst um upplýsinga- og tölvutækni. Tveir kennarar fóru á *ETT* ráðstefnuna í Birmingham og kynntu sér kennslugögn fyrir yngsta stigið. Tveir kennarar og tveir skólaliðar sóttu ráðstefnu í Noregi um *Vinaliðaverkefnið*, en þeir sjá um útbreiðslu Vinaliðaverkefnisins á landsvísu sem fulltrúar Árskóla sem er móðurskóli þessa norska verkefnis hér á landi. Einnig sóttu sömu kennarar endurmenntun til Tælands með sextán samstarfsmönnum sínum á Norðurlöndunum. Tveir starfsmenn skólans sóttu tveggja daga sérfræðinganámskeið á Akureyri á vegum Mentor í tengslum við innleiðingu á nýju námsmati skólans.

Starfsmenn skólans hafa einnig sótt ýmis námskeið og ráðstefnur hér á landi á skólaárinu, s.s. ráðstefnur á vegum Flatar um námsmat í stærðfræði og ráðstefnu á vegum áhugafólks um skólaþróun í ágúst síðastliðnum.

Stór hluti starfsmanna skólans fór í náms- og kynnisferð til Skotlands í júní og kynnti sér m.a. skólastarf í skoskum skólum og hlýddi á fyrirlestur um skoska skólakerfið.

FRÆÐSLUDAGUR

Á þessu skólaári var fræðsludagur á vegum Fræðsluþjónustu Skagfirðinga haldinn seinna en undanfarin ár. Meirihluti starfsfólks Árskóla tók þátt í deginum sem skipulagður var á Fræðsluþjónustunni og fór fram í Varmahlíð þann 8. nóvember. Dagskrá fræðsludagsins samanstóð af kynningu á vinnu læsisteymis sveitarfélagsins, erindi frá læsisteymi Menntamálastofnunar og málstofum. Herdís Á. Sæmundardóttir sviðsstjóri fjölskyldusviðs setti fræðsludaginn og kynnti dagskrána. Læsisteymi sveitarfélagsins kynnti þá vinnu sem fram hefur farið varðandi læsisstefnu Skagafjarðar. Eftir kaffihlé var fræðileg umfjöllun um lestur á vegum læsisteymis Menntamálastofnunar.

ÞRÓUNARVERKEFNI – NÝBREYTNISTARF

VINALIÐAVERKEFNIÐ

Skólaárið 2012-13 hóf Árskóli þátttöku í norsku verkefni, *Trivselsprogrammet* eða Vinaliðaverkefninu, ásamt öðrum skólum í Skagafirði. Er það liður í viðleitni skólanna til að hvetja nemendur til meiri þátttöku í afþreyingu og almennri hreyfingu í frímínútum og skapa um leið betri skólaanda.

Í Vinaliðaverkefninu setja ákveðnir nemendur, Vinaliðar, upp leiki og afþreyingu í frímínútum fyrir skólafélaga sína. Vinaliðarnir eru valdir af bekkjarfélögum og er hlutverk þeirra, auk þess að sjá um leikina, að fylgjast með yngri nemendum, veita þeim athygli sem eru einir og láta vita ef þeir verða varir við útilokun, einelti eða annað sem valdið getur nemendum vanlíðan.

Í vetur, sem undanfarna vetur, hefur Árskóli verið móðurskóli fyrir Vinaliðaverkefnið á landsvísu og aðstoðað aðra skóla við innleiðingu þess. Þegar nýtt Vinaliðaár gekk í garð í september síðastliðnum voru um 43 skólar þátttakendur.

Þjónustan við skólana hefur gengið mjög vel og hélt áætlun. Nú eru fyrstu samningar sem Vinaliðaverkefnið gerði við grunnskóla farnir að renna út. Af fyrstu 15 skólunum sem sömdu við okkur fyrir þremur árum hafa tólf ákveðið að framlengja samninga sína til næstu þriggja ára. Nú í lok skólaárs eru 45 skólar þátttakendur í verkefninu. Að auki bíða 5 skólar innleiðingar til haustsins.

LESTRARSTEFNA

Undanfarin tvö skólaár hefur verið unnið að sameiginlegri lestrarstefnu fyrir Sveitarfélagið Skagafjörð. Í fyrra var þeirri vinnu þannig háttað í Árskóla að myndað var læsisteymi sem hafði umsjón með vinnuhópum á hverju stigi. Vinnuhóparnir settu fram hugmyndir um markmið og leiðir að bættu lestrarnámi nemenda undir stjórn læsisteymisins. Þetta skólaár hefur læsisráð, en þar sitja fulltrúar úr öllum leik- og grunnskólum í Skagafirði, unnið að því að samræma vinnu starfsfólks skólanna og fullvinna lestrarstefnuna. Nú á vordögum er verið að leggja lokahönd á endanlega útgáfu og uppsetningu stefnunnar og mun hún væntanlega vera tilbúin næsta haust. Stefnt er að útgáfu bæði á vef og á pappír. Í læsisráði fyrir Árskóla situr Anna Steinunn Friðriksdóttir.

BYRJENDALÆSI

Byrjendalæsi er sú kennsluaðferð sem Árskóli leggur til grundvallar í lestrarkennslu á yngsta stigi. Byrjendalæsi er samvirk kennsluaðferð í læsi ætluð yngstu nemendunum og tók innleiðingarferlið tvö ár undir handleiðslu Miðstöðvar skólaþróunar Háskólans á Akureyri. Því formlega samstarfi lauk vorið 2012. Nú leiða tveir leiðtogar verkefnið heima í héraði, þær Anna Steinunn Friðriksdóttir deildarstjóri sérkennslu í Árskóla og Sigurlaug Rún Brynleifsdóttir kennari á Hólum. Í Byrjendalæsi er unnið með lestur, ritun, tal og hlustun á heildstæðan hátt og lögð

áhersla á orðaforða og lesskilning. Viðfangsefni eru sótt í merkingarbæran texta og þá gjarnan í barnabækur. Mikið er lagt upp úr samvinnu nemenda og einstaklingsmiðun í kennslu. Segja má að Byrjendalæsi leiði af sér bæði fjölbreytni í læsisaðferðum og kennsluháttum. Í framtíðinni er vænst skuldbindingar að hálfu nýrra kennara á yngsta stigi við aðferðina þannig að þeir fara í gegnum tveggja ára nám sem felst í fræðslu um aðferðina og ráðgjöf þar að lútandi frá leiðtogum. Tveir kennarar frá Árskóla hafa lagt stund á nám í byrjendalæsi í vetur en alls hafa 14 kennarar í Árskóla útskrifast sem byrjendalæsiskennarar. Þó formlega sé þróunarverkefninu lokið þarf tíma til að festa vinnubrögðin varanlega í sessi í skólastarfi yngstu nemenda Árskóla. Jákvaðni og ánægja, bæði hjá kennurum og nemendum, með þessi nýju vinnubrögð hafa einkennt þetta verkefni þannig að óhætt er að segja að vel hafi tekist til og að útlitið sé bjart með framhald þess.

OLWEUSARSTARFIÐ

Árskóli hefur tekið þátt í áætlun Olweusar gegn einelti allt frá árinu 2002. Þórunn Ingvadóttir gegndi starfi verkefnastjóra Olweusaráætlunarinnar í Árskóla skólaárið 2016-2017 og leysti þannig Helgu Harðardóttur af sem gegnt hefur því starfi síðastliðin ár. Margrét Björk Arnardóttir var oddviti lykilmannateymis skólans líkt og undanfarin ár. Lykilmenn voru auk hennar: Alfreð Guðmundsson, Edda María Valgarðsdóttir, Einarína Einarsdóttir, Hrönn Pálmadóttir, Inga Rósa Sigurjónsdóttir, Ólöf Pétursdóttir, Sigurlaug Konráðsdóttir og Vala Bára Valsdóttir.

Í september var haldið námskeið fyrir nýja starfsmenn auk þess sem einum af fyrstu starfsmannafundum skólaársins var varið í að rifja upp eineltisáætlun skólans og leggja línurnar fyrir vetrarstarfið. Umræðufundir starfsfólks voru með hefðbundnu sniði í vetur en sökum mikillar áherslu á námsmatsvinnu voru þeir færri en gert var ráð fyrir. Hefðbundin Olweusarvinna var þó í fullum gangi í öllum bekkjum skólans þar sem bekkjarfundir voru haldnir reglulega og eineltisáætlunin og eineltishringurinn rifjuð upp. Tengslakannanir voru lagðar fyrir í öllum bekkjum einu sinni á önn og einnig voru lagðar fyrir örkannanir um einelti í nokkrum árgöngum.

Olweusardagurinn var haldinn 8. nóvember í tengslum við Baráttudag gegn einelti. Að þessu sinni var lögð áhersla á vinabekkjavinnu þar sem baráttan gegn einelti var gerð sýnileg bæði innan skólans og út í samfélaginu. Afraksturinn var mjög skemmtilegur og má m.a. nefna útklipptar hendur og fætur sem prýtt hafa veggi skólans í vetur, dúfur með orðunum *Við leggjum ekki í einelti* á öllum tungumálum nemenda skólans og myndbönd um mikilvægi þess að leggja ekki í einelti.

Í febrúar fengum við til okkar Sigríði Ingadóttur frá Háskólanum á Akureyri með námskeið um bekkjarfundi. Starfsmenn allra grunnskólanna í Skagafirði fengu tilboð um að taka þátt í námskeiðinu sem var mjög vel sótt. Á námskeiðinu var m.a. rifjað upp hvernig halda á góða bekkjarfundi og hvernig nýti megí þá enn frekar í skólastarfinu.

Olweusarkönnunin var lögð fyrir í nóvember og niðurstöður kynntar og ræddar á umræðufundi í mars. Niðurstöðurnar voru einnig kynntar í 5. - 10. bekk og á heimasíðu skólans. Í könnuninni eru skoðaðir þættir eins og viðbrögð í eineltisaðstæðum, afstaða nemenda til eineltis, túlkun nemenda á ýmsum þáttum, líðan þeirra og viðhorf. Helstu niðurstöður í ár eru þær að einelti mælist jafn mikið á þessu skólaári og því síðasta eða 4,5%, en landsmeðaltal var 4,7%. Til samanburðar mældist einelti meðal nemenda í 5. - 10. bekk í nóvemberkönnun árið 2014 2,1% (4,8%), 2013 4,5% (4,5%), og 2012 3,8% (5,2%) (landsmeðaltal). Þessar niðurstöður gefa okkur vísbendingar um að baráttan gegn einelti sé eilífðarverkefni og aldrei megí slá slöku við. Það er markmið starfsfólks Árskóla að áfram verði unnið öflugt forvarnarstarf í skólanum gegn einelti en það verður seint undirstrikað hversu stórt hlutverk foreldrar og nærsamfélagið spila í þessari baráttu.

FAGMENNSKUVERKEFNI

Á þessu skólaári snérist fagleg vinna kennara fyrst og fremst um aðlögun námsmats að nýrri Aðalnámskrá grunnskóla. Námsmarkmið voru aðlöguð að nýrri Aðalnámskrá og sett á metanlegt form. Námsmarkmið allra námsgreina voru sett í Mentor og fólst fagleg vinna vetrarins í að þróa aðferðir til til námsmats samkvæmt þessu kerfi.

ERASMUS+

Árskóli hefur í fjölda ára verið þátttakandi í samstarfsverkefnum á vegum Erasmus+ menntaáætlunar Evrópusambandsins með ýmsum Evrópulöndum. Þetta skólaár var ekkert slíkt verkefni í gangi en nú á vordögum fékk skólinn styrk ásamt menntastofnunum frá fimm öðrum löndum til að vinna saman. Verkefnið fjallar um aðlögun erlendra nemenda í skólum og mun Árskóli leiða verkefnið.

Vorið 2016 hlaut Árskóli styrk úr ERASMUS+ menntaáætlun Evrópusambandsins til endurmenntunar fyrir starfsfólk. Um er að ræða átta námsferðir þar sem starfsfólk kynnr sér enn frekar aðferðir við stærðfræðikennslu, nemendaleikhús, læsi og leik í námi og kennslu. Í vetur voru farnar tvær af þessum ferðum og er áætlað að hinar tvær verði farnar á næsta skólaári.

VINAVERKEFNIÐ

Vinaverkefnið er samstarfsverkefni leik-, grunn- og framhaldsskóla, frístundasviðs og foreldra í Skagafirði. Margrét Björk Arnardóttir, náms- og starfsráðgjafi, er fulltrúi Árskóla í vinateyminu og Vala Hrönn Margeirsdóttir, tómstunda- og félagsmálafræðingur, er verkefnisstjóri Vinaverkefnisins.

Grunnhugmynd Vinaverkefnisins er að ekkert barn í Skagafirði upplifi vinalausa æsku og að það þurfi heilt þorp til að ala upp barn. Vinaverkefnið hófst formlega vorið 2008 og var fyrstu árin styrkt af styrktarsjóðnum *Sáttmála til sóknar*. Vinaverkefnið hlaut Foreldraverðlaun Heimilis og skóla 2011.

Eitt af verkefnum vinateymisins hefur síðastliðin fimm ár verið að halda vinadag í Skagafirði með áherslu á samveru árganga, leik, söng og dans. Nemendur og starfsfólk allra grunnskólanna í firðinum auk nemenda úr skólahópum leikskólanna þriggja og starfsmanna þeirra, ásamt 1. árs nemum FNV, hafa undanfarin ár tekið þátt í vinadeginum. Að þessu sinni var vinadagurinn haldinn 19. október sl. í íþróttahúsinu á Sauðárkróki. Dagskráin var með öðru sniði en verið hefur

þar sem byrjað var á samveru árganga og endað á sameiginlegri dagskrá allra árganga í íþróttahúsi. 1. árs nemar FNV buðu 10. bekkingum í heimsókn þangað þar sem þeirra beið skemmtileg dagskrá og hádegisverður á heimavist FNV. Í 1.-7. bekk voru m.a. settir upp vinaliðaleikir en Vinaliðaverkefnið er eitt af þeim verkefnum sem runnið er undan rifjum Vinaverkefnisins. Nánar er fjallað um það á öðrum stað í ársskýrslunni. Vinadagurinn þótti heppnast vel og ánægjulegt þegar allir skólarnir taka sig saman um að vinna svona verkefni.

Vinateymið óskaði eftir því við starfsfólk skólanna að það myndi leggja mat á verkefnið og tilhögun dagsins. Ýmsar hugmyndir eru uppi um áframhald hans en það er verkefni sem skólastjórar skólanna munu taka sameiginlega ákvörðun um.

FYLGISKJÖL

FYLGISKJAL 1 – SKÓLADAGATAL 2016 - 2017

Samband Íslenskra
sveitarfélaga

Skóladagatal 2016 - 2017

Nafn skóla:

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTOBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRIL	MÁI	JÚNÍ
1. Míldagur versluamanna	1. F	1. L	1. P	1. F	1. S	1. M	1. M	1. L	1. M	1. F
2. Þ	2. F	2. S	2. M	2. F	2. M	2. F	2. F	2. S	2. Þ	2. F
3. M	3. L	3. M	3. F	3. L	3. Þ	3. F	3. F	3. M	3. M	3. L
4. F	4. S	4. Þ	4. F	4. S	4. M	4. L	4. L	4. Þ	4. F	4. S
5. F	5. M	5. M	5. L	5. M	5. F	5. S	5. S	5. M	5. F	5. M
6. L	6. Þ	6. F	6. S	6. Þ	6. F	6. M	6. M	6. F	6. L	6. Þ
7. S	7. M	7. F	7. M	7. M	7. L	7. Þ	7. Þ	7. F	7. S	7. M
8. M	8. F	8. L	8. Þ	8. F	8. S	8. M	8. M	8. L	8. M	8. F
9. Þ	9. F	9. S	9. M	9. F	9. M	9. F	9. F	9. Þ	9. Þ	9. F
10. M	10. L	10. M	10. F	10. L	10. Þ	10. F	10. F	10. M	10. M	10. L
11. F	11. S	11. Þ	11. F	11. S	11. M	11. L	11. L	11. F	11. F	11. S
12. F	12. M	12. M	12. L	12. F	12. F	12. S	12. S	12. M	12. F	12. M
13. L	13. Þ	13. F	13. S	13. Þ	13. M	13. M	13. M	13. L	13. L	13. Þ
14. M	14. F	14. M	14. M	14. F	14. L	14. Þ	14. Þ	14. S	14. S	14. M
15. F	15. S	15. L	15. Þ	15. F	15. S	15. M	15. M	15. L	15. M	15. F
16. Þ	16. M	16. F	16. S	16. Þ	16. M	16. F	16. F	16. Þ	16. Þ	16. F
17. M	17. L	17. M	17. F	17. L	17. Þ	17. F	17. F	17. M	17. L	17. M
18. F	18. S	18. Þ	18. F	18. S	18. M	18. L	18. L	18. F	18. F	18. S
19. F	19. M	19. M	19. F	19. M	19. F	19. S	19. S	19. M	19. F	19. M
20. L	20. Þ	20. F	20. S	20. Þ	20. M	20. M	20. M	20. L	20. L	20. Þ
21. S	21. M	21. F	21. M	21. M	21. L	21. Þ	21. Þ	21. F	21. S	21. M
22. M	22. F	22. L	22. Þ	22. F	22. S	22. M	22. M	22. L	22. M	22. F
23. Þ	23. S	23. M	23. M	23. F	23. M	23. F	23. F	23. S	23. Þ	23. F
24. M	24. L	24. F	24. M	24. L	24. Þ	24. F	24. F	24. M	24. M	24. L
25. F	25. S	25. Þ	25. F	25. S	25. M	25. L	25. L	25. Þ	25. F	25. S
26. F	26. M	26. M	26. L	26. F	26. F	26. S	26. S	26. M	26. F	26. M
27. L	27. F	27. F	27. S	27. Þ	27. M	27. M	27. M	27. L	27. L	27. Þ
28. S	28. F	28. F	28. M	28. M	28. L	28. Þ	28. Þ	28. F	28. M	28. M
29. M	29. F	29. L	29. Þ	29. F	29. S	29. M	29. M	29. L	29. M	29. F
30. Þ	30. S	30. M	30. M	30. F	30. M	30. F	30. F	30. S	30. Þ	30. F
31. M	31. M	31. M	31. M	31. F	31. Þ	31. L	31. F	31. M	31. M	31. F

Samkvæmt kjarasamningi sveitarfélaga við Kennarasambands Íslands skulu skóladagar nemenda vera 180 á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní. Sérstakir starfsdagar kennara á starfstíma nemenda eru fimm og skulu akveðnir af skólastjóra í samráði við kennara og með hliðsjón af kjarasamningum. Starfsdagar kennara utan starfstíma nemenda eru 8.

FYLGISKJAL 2 – SKÓLADAGATAL 2017 - 2018

Samband íslenskra sveitarfélaga		Skóladagatal 2017 - 2018												Árskóli	
Mafn skóla:															
ÁRS	ÞEORÉTI	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MÍJ	JÚNÍ					
1. Þ	1. F	1. S	1. M	1. F	1. M	1. F	1. F	1. S	1. Þ	1. M	1. F	1. F	1. F	1. F	
2. Þ	2. L	2. Þ	2. F	2. L	2. Þ	2. F	2. F	2. M	2. M	2. M	2. M	2. M	2. L	2. L	
3. F	3. S	3. S	3. F	3. S	3. S	3. L	3. L	3. L	3. L	3. L	3. L	3. L	3. S	3. S	
4. F	4. M	4. M	4. L	4. M	4. F	4. S	4. S	4. M	4. F	4. F	4. F	4. M	4. M	4. M	
5. L	5. Þ	5. F	5. S	5. Þ	5. F	5. M	5. M	5. M	5. L	5. L	5. L	5. L	5. Þ	5. Þ	
6. S	6. M	6. F	6. M	6. M	6. L	6. Þ	6. Þ	6. F	6. F	6. S	6. S	6. M	6. M	6. M	
7. M	7. F	7. L	7. Þ	7. F	7. S	7. M	7. M	7. L	7. L	7. M	7. M	7. F	7. F	7. F	
8. Þ	8. F	8. S	8. M	8. F	8. M	8. F	8. F	8. M	8. M	8. Þ	8. Þ	8. F	8. F	8. F	
9. M	9. L	9. M	9. F	9. L	9. Þ	9. F	9. F	9. M	9. M	9. M	9. M	9. L	9. L	9. L	
10. F	10. S	10. Þ	10. F	10. S	10. M	10. L	10. L	10. M	10. F	10. F	10. F	10. S	10. S	10. S	
11. F	11. M	11. Þ	11. L	11. M	11. F	11. S	11. S	11. M	11. M	11. M	11. M	11. M	11. M	11. M	
12. L	12. F	12. F	12. S	12. Þ	12. M	12. M	12. M	12. L	12. L	12. L	12. L	12. L	12. L	12. L	
13. S	13. M	13. F	13. M	13. F	13. L	13. Þ	13. Þ	13. F	13. F	13. F	13. F	13. F	13. F	13. F	
14. Þ	14. F	14. L	14. Þ	14. M	14. S	14. M	14. M	14. L	14. L	14. L	14. L	14. L	14. L	14. L	
15. Þ	15. F	15. F	15. F	15. F	15. F	15. F	15. F	15. F	15. F	15. F	15. F	15. F	15. F	15. F	
16. F	16. M	16. Þ	16. L	16. M	16. F	16. S	16. S	16. M	16. M	16. M	16. M	16. M	16. M	16. M	
17. F	17. S	17. Þ	17. F	17. S	17. M	17. L	17. L	17. M	17. M	17. M	17. M	17. M	17. M	17. M	
18. F	18. M	18. F	18. L	18. M	18. F	18. S	18. S	18. M	18. M	18. M	18. M	18. M	18. M	18. M	
19. L	19. M	19. F	19. L	19. M	19. F	19. S	19. S	19. M	19. M	19. M	19. M	19. M	19. M	19. M	
20. S	20. M	20. F	20. L	20. M	20. F	20. S	20. S	20. M	20. M	20. M	20. M	20. M	20. M	20. M	
21. M	21. F	21. F	21. F	21. F	21. F	21. F	21. F	21. F	21. F	21. F	21. F	21. F	21. F	21. F	
22. Þ	22. S	22. M	22. M	22. M	22. M	22. M	22. M	22. M	22. M	22. M	22. M	22. M	22. M	22. M	
23. F	23. L	23. M	23. F	23. L	23. M	23. S	23. S	23. M	23. M	23. M	23. M	23. M	23. M	23. M	
24. F	24. S	24. Þ	24. F	24. S	24. M	24. L	24. L	24. M	24. M	24. M	24. M	24. M	24. M	24. M	
25. L	25. M	25. F	25. L	25. M	25. F	25. S	25. S	25. M	25. M	25. M	25. M	25. M	25. M	25. M	
26. L	26. M	26. F	26. L	26. M	26. F	26. S	26. S	26. M	26. M	26. M	26. M	26. M	26. M	26. M	
27. S	27. M	27. F	27. L	27. M	27. F	27. S	27. S	27. M	27. M	27. M	27. M	27. M	27. M	27. M	
28. M	28. F	28. F	28. F	28. F	28. F	28. F	28. F	28. F	28. F	28. F	28. F	28. F	28. F	28. F	
29. Þ	29. S	29. M	29. M	29. M	29. M	29. M	29. M	29. M	29. M	29. M	29. M	29. M	29. M	29. M	
30. M	30. L	30. M	30. F	30. L	30. M	30. S	30. S	30. M	30. M	30. M	30. M	30. M	30. M	30. M	
31. F	31. F	31. F	31. F	31. F	31. F	31. F	31. F	31. F	31. F	31. F	31. F	31. F	31. F	31. F	

Samkvæmt kjarasamningi sveitarfélaga við Kennarasambands Íslands skulu skóladagar nemenda vera 180 á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní. Sérstakir starfsdagar kennara á starfstíma nemenda eru fimm og skulu ákveðnir á skólastíðna í samráði við kennara og með hlífðsjón af kjarasamningum. Starfsdagar kennara utan starfstíma nemenda eru 8.

FYLGISKJAL 3 - UMSÓKN UM NÁMSVAL Í 9. OG 10. BEKK

Umsókn um námsval í 9. og 10. bekk 2017-2018



Nafn: _____ Bekkur: _____

Staðfesting foreldris/forráðamanns: _____

Qvarngreinar eru 28 kennitalastundir á viku og nemendur velja 9 stundir í valgreinum, að tilfalli 2 kennitalastundir í list- og verkstovnum síðkur 2- og 2 kennitalastundir í hálfa viku. Sambærni viðbúnaðarstundir á hvern nemanda í 9. og 10. bekk að viku 17 kennitalastundir á viku.

Veldu 6 greinar og númeraðu frá 1-6.

1 = fyrsti kostur o.s.frv.

() = fjöldi kennitalastunda á viku

Athugaðu að velja að minnsta kosti eina list- og verkgrein (dálkur 1) og númera í 1. – 3. sæti.

List- og verkgreinar:	Frjálst val:	Frjálst val:
Textilmernt (2)	Raungreinar 9.b (2)	Íþróttافرæði/ skólahreysti (2)
Hönnun og smíði (2)	Raungreinar 10.b (2)	Knattspyrna (2)
Myndlist 9.b (2)	Samfélagsgreinar 9.b (2)	Ágga (2)
Myndlist 10.b (2)	Samfélagsgreinar 10.b (2)	Crossfit (2)
Heimilisfræði 1 (2)	Stærðfræðigrunnur fyrir 9. og 10. bekk	Útivist (2)
Heimilisfræði 2 (2)	Vinnusmiðja í kjarnagreinum (2)	Unglingadeildin Tröllí (1)
Glerlist (2)	Fjármálalæsi (2)	Hestamennska (9.b) (1)
Málmsmiði (2)	Margmiðlun myndvinnsla - stuttmyndagerð (2)	Starfsþjálfun (2)
Leiklist 9.b (2)	Forritun (2)	Sjálfsstyrking (1)
Leiklist 10.b (2)	Kvikmyndir (2)	Bókaklúbbur (1)
Íþróttagrein metin (2) - skrá mánar á bakhlíð	Borðspil (2)	Enski boltinn (1)
		Smíðarstund (2)

Vorakóngert athugið virðandi námsgreinar sem aðbærndir eru með númerunum 1 og 2, að ekki er hægt að velja 2 eina hafa líkð við 1.

Bundið val í 9. bekk: Allir nemendur í 9. bekk fara á tveggja daga námskeið í ENY og fá kynningu á iðnnámi (1).

Skotið vel lýsingar á valáföngum í valgreinabók á vef skólans.

Skilið valblaðinu til ritara eða umsóknarkennara í síðasta lagi þriðjudaginn 30. maí 2017.